



# Áfallaáætlun Grandaborgar

*Vegna slysa, alvarlegar og langvarandi veikinda og andláts*

Áætlun unnin af starfsmannahópi Grandaborgar veturinn 2016-2017

## Efnisyfirlit

1. Viðbragðsteymi .....	2
1.1. Hlutverk viðbragðsteymis.....	2
2. Áfallaáætlun Grandaborgar.....	3
2.1. Áföll .....	3
2.2. Börnin .....	3
2.3. Aðstandendur.....	5
2.4. Starfsfólk leikskólans .....	6
2.5. Bækur, fræðsluefni, stuðningsefni .....	7
2.6. Minningarstund á sal.....	7
2.7. Áfallakassi .....	7
3. Fyrstu viðbrögð.....	8
3.1. Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegs slyss eða bráðra veikinda á barni í leikskóla.....	8
3.2. Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegra veikinda barns í leikskóla .....	9
3.3. Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegs slyss eða veikinda starfsmanns leikskólans .....	10
3.4. Fyrstu viðbrögð vegna andláts starfsmanns leikskólans .....	11
3.5. Fyrstu viðbrögð vegna andláts maka eða barns starfsmanns leikskólans.....	12
4. Símaskrá .....	13
Fylgiskjal 1 .....	14
Fylgiskjal 2 .....	15

# 1. Viðbragðsteymi

Viðbragðsteymi skal vinna samkvæmt áfallaáætlun leikskólans. Í viðbragðsteymi sitja eftirfarandi aðilar: leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Að auki deildarstjóri þeirrar deildar er málið varðar hverju sinni.

## 1.1. Hlutverk viðbragðsteymis

Viðbragðsteymi heldur fundi strax að hausti og fer yfir hvort breyting hafi orðið á aðstæðum barna eða starfsfólks vegna alvarlegra slysa, veikinda, dauðsfalla eða annarra áfalla.

Viðbragðsteymið hittist reglulega, einu sinni í mánuði, á stuttum fundum.

viðbragðsteymið heldur a.m.k. einn fund fyrir átamót og einn eftir áramót með tengiliðum þjónustumiðstöðvar.

Viðbragðsteymið ræðir áföll sem upp koma og tekur ákvarðanir um hvort eða til hvaða aðgerða skal grípa. Ef alvarlegt slys eða áfall á sér stað í sumarleyfi getur verið nauðsynlegt að kalla teymið saman og ákveða viðbrögð.

Ef hegðun barns breytist mikið eftir áfall getur deildarstjóri óskað eftir fundi með viðbragðsteyminu.

Viðbragðsteymið fer yfir og leiðréttir nöfn og símanúmer starfsmanna, barna og foreldra á hverju hausti og þegar breytingar verða í starfsmannahaldi og hjá nemendum.

Viðbragðsteymi skal halda fundargerðarbók þar sem fundir eru skráðir og hvaða ákvarðanir eru teknar.

Mikilvægt er að starfsfólk leikskólans sé vel upplýst um viðbrögð við áföllum og hvernig bregðast eigi við. Nauðsynlegt er að samkomulag um aðgerðir og viðbrögð ríki innan starfsmannahópsins.

Viðbragðsteymið sér um að starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum.

Viðbragðsteymið skal sjá til þess að starfsfólk fái stuðning og aðstoð.

## 2. Áfallaáætlun Grandaborgar

Taka þarf tillit til aðstæðna hverju sinni þegar skipuleggja þarf áfallahjálp og meta þarf um leið umhvers konar áfall er að ræða.

### 2.1.Áföll

- Alvarlegt slys
- Alvarleg veikindi
- Langvinnir sjúkdómar
- Andlát
- Ofbeldi gegn barni
- Kynferðisbrot gegn barni
- Að auki: þroskafrávik, vanræksla, foreldrasamskipti, hegðunarerfiðleikar, einelti, o.fl.
- Vegna breyttra fjölskylduaðstæðna, skilnaður, vímuefnaneysla, atvinnuleysi o.fl.

### 2.2.Börnin

#### Langvarandi og/eða alvarleg veikindi

- Viðkomandi starfsfólk og börnum er greint frá ef barn þarf að dveljast langdvölum á sjúkrahúsi eða getur ekki komið í leikskólann vegna veikinda.  
Tala við börnin í litlum hópum
- Viðbragðsteymið og deildarstjóri meta og ákveða hversu mikinn stuðning viðkomandi deild þarf.
- Sýna skal viðkomandi tilfelli virðingu án þess að velta sér uppúr því m.a. getur deildin sent kort eða kveðju.

#### Alvarlegt slys

- Slasist barn alvarlega á meðan það dvelur í leikskólanum skal hafa samband við neyðarlínuna 112 og skal leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri eða deildarstjóri hafa samband við forráðamenn barnsins.
- Viðbragðsteymið tekur að sér, ásamt deildarstjóra, að ræða við starfsfólk og börn sem tengjast málinu.
- Skólastjórnendur gæta þess vel að enginn starfsmaður fari heim úr leikskólanum með rangar eða misvísandi upplýsingar um slysið. Gæti þurft að hringja eða senda tölvupóst til foreldra annarra barna.

#### Sjúkrabíll kallaður til

- Hringt í neyðarlínuna 112
- Kalla til aðra stjórnendur en þá sem eru í viðbragðsteymi
- Tekið á móti sjúkrabíl

## **Slys sem verður utan skólatíma**

- Viðbragðsteymi fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við.
- Viðkomandi starfsfólk tilkynnt um slysið.
- Meta skal hvort börnum viðkomandi deildar verði sagt frá slysinu.

## **Næstu dagar**

- Deildarstjóri ásamt viðbragðsteymi sjá til þess að fá upplýsingar um líðan barnsins.
- Deildarstjóri upplýsir samstarfsfélaga
- Sýna atburðinum virðingu og ekki velta sér uppúr honum.
- Getur verið hugulsamt að senda kort/kveðju frá deildinni.

## **Þegar barnið kemur aftur í leikskólann**

- Deildarstjóri undirbýr deildina fyrir komu barnsins, ef með þarf.
- Starfsmenn deildarinnar fylgjast sérstaklega vel með viðkomandi barni næstu vikur.

## **Andlát barns**

- Leikskólastjóri sér um að fá upplýsingar um atburðinn staðfestan og hefur samband við heimilið.
- Viðbragðsteymið kallar saman starfsfólk auk sóknarprests, óháð tíma og dagsetningu, á stuttan fund þar sem fólk skiptir með sér verkum og ákveður fyrstu viðbrögð leikskólans.

## **Bera skal allar aðgerðir leikskólans undir viðkomandi forráðamenn til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi**

- Gæta skal þess að nánin skyldmennir hins látna sem eru við nám eða störf í leikskólanum fái fregnir sérstaklega, ekki yfir hópinn.
- Leikskólastjóri tilkynnir starfsfólki leikskólans dauðsfallið sem fyrst. Það gæti þurft að hringja í fólkið.
- Leikskólastjóri og sóknarprestur tilkynna andlátinu strax á viðkomandi deild, ásamt deildarstjóra. Hlúð er að börnunum og starfsfólki deildarinnar eins fljótt og kostur er, í samráði við viðkomandi fjölskyldu.
- Tekið er tillit til trúarbragða viðkomandi fjölskyldu.
- Kveikt er á kerti.
- Fáni dreginn í hálfu stöng þegar búið er að tilkynna starfsfólki og börnum andlátinu.

## **Vinna á viðkomandi deild sama dag**

- Æskilegt er að deildarstjóri sé til staðar á deildinni það sem eftir er skóladags.
- Börnunum gefið tækifæri til að ræða um atburðinn.
- Sóknarprestur og skólastjórnendur og/eða skólasálfræðingur aðstoða ef þörf er á.

- Forráðamönnum barnanna er tilkynnt um atburðinn símleiðis eða með tölvupósti. Muna að tilkynna einnig foreldrum barna sem ekki voru í leikskólanum þennan dag.

**Í lok dagsins skal viðbragðsteymið funda ásamt deildarstjóra og fara yfir stöðuna og áætlanir gerðar um áframhaldandi vinnu .**

**Fulltrúar leikskólans fara í heimsókn til aðstandenda með samúðarkveðju.**

#### **Vinna á viðkomandi deild næstu daga**

- Eigur barnsins eru teknar saman og fjarlægðar
- Börnunum er gefið tækifæri til að ræða um atburðinn og hvað gerist í framhaldinu, eins og jarðarför. Gott er að fá aðstoð sóknarprests eða sálfræðings.
- Börnunum er gefinn allur sá tími sem þarf til að tjá tilfinningar sínar og í umræður.

#### **Háttbundinn hrynjandi skólastarfsins sefar ótta og kvíða**

- Mikilvægt er að starfsfólk fái stuðning og aðstoð.
- Leikskólastjóri og/eða viðbragðsteymið geti óskað eftir aðstoð frá fagfólki þjónustumiðstöðvar og/eða Skóla- og frístundasviði eða presti, eftir því sem hentar.
- Skólastjórnendur, deildarstjóri eða þeir sem tengdust barninu mest verða viðstaddir jarðarförina.

### **2.3. Aðstandendur**

#### **Alvarleg veikindi eða slys aðstandenda barna**

- Skólastjórnendur eða deildarstjóri fá staðfestingu á veikindum/slysi hjá forráðamönnum barns.
- Upplýsingum komið til starfsmanna deildarinnar og þeirra er málið varðar sem fyrst.
- Viðbragðsteymið fundar um málið og ákveður í samráði við forráðamenn hvernig staðið skuli að málinu.
- Viðbragðsteymið aðstoðar deildarstjóra við að undirbúa deildina undir að taka á móti barninu ef barnið hefur verið frá leiksóla í einhvern tíma. Það auðveldar barninu að koma til baka.

#### **Andlát foreldra eða systkina barna**

- Leikskólastjóri aflar staðfesta upplýsinga um atburðinn.
- Deildarstjóra barnsins tilkynnt um dauðsfallið.
- Viðbragðsteymið kallað saman og ákveðinn eru fyrstu viðbrögð starfsfólks leikskólans, alltaf í samráði við viðkomandi fjölskyldu og með hennar samþykki.
- Viðbragðsteymið tilkynnir starfsfólki um atburðinn.
- Deildarstjóri, ásamt starfsfólki deildarinnar upplýsir börnin á deildinni.

- Deildarstjóri stjórnar áframhaldandi vinnu á deildinni og getur hann hvenær sem er leitað eftir aðstoð hjá viðbragðsteymi leikskólans eða hjá öðrum aðilum.

## **2.4. Starfsfólk leikskólans**

### **Alvarleg veikindi eða slys starfsmanns leikskólans**

Leikskólastjóri/viðbragðsteymi ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann hvernig tilkynna skuli veikindin/slysið.

### **Andlát starfsmanns leikskólans**

- Leikskólastjóri leitar eftir upplýsingum um andlátíð.
- Viðbragðsteymið kallað saman og ákveður næstu skref.
- Viðbragðsteymið upplýsir starfsfólkið um andlátíð.
- Viðbragðsteymið sér um að tilkynna þeim sem eru fjarverandi.
- Samverustund með öllu starfsfólki ásamt presti höfð samdægurs eða eins fljótt og hægt er.
- Gæta skal þess að nán skyldmenni hins látna, sem vinna eða nemendur við leikskólann, fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hópinn.
- Viðbragðsteymið ákveður hvernig tilkynna eigi börnunum um andlátíð.
- Viðbragðsteymið ákveður hvernig upplýsingum skuli komið til forráðamanna barnanna.
- Viðbragðsteymið veitir deildinni stuðning og vinnur með henni næstu daga.
- Leikskólastjóri og nánustu samstarfsmenn fara heim til nánustu aðstandenda starfsmanns og votta hluttekningu.
- Leikskólastjóri ásamt nánustu samstarfsfélögum (jafnvel allir starfsmenn) eru viðstaddir jarðarförina.
- Leikskólinn sendir samúðarkveðju.

### **Andlát maka starfsmanns.**

- Leikskólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð.
- Viðbragðsteymið upplýsir allt starfsfólk leikskólans um andlátíð, einnig þá sem eru fjarverandi.
- Gæta þess að nán skyldmenni hins látna, sem eru við nám eða störf við leikskólann, fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hópinn.
- Leikskólastjóri ásamt samstarfsfélagi fer heim til starfsmanns.
- Leikskólastjóri/samstarfsfélagi eru viðstaddir jarðarförina.
- Leikskólinn sendir samúðarkveðju.

## 2.5. Bækur, fræðsluefni, stuðningsefni

### Stuðningsefni sem til er í leikskólanum:

7 skref til verndar börnum.	Ungmennafélag Íslands
Þetta er líkaminn minn.	Lory Freeman
Mamma, pabbi, hvað er að?	Fræðslurit Krabbameinsfélagsins.
Þegar lífið er erfitt.	Rauði kross Íslands

### Og aðrar bækur sem gott væri að nálgast

Börn og sorg.	Sr. Sigurður Pálsson
Sálræn skyndihjálp.	Rauði kross Íslands
Sálrænn stuðningur í skólastofunni.	Dr. Kendall Johnsons
Það má ekki vera satt.	Dr. Guðrún Alda Harðardóttir

## 2.6. Minningarstund á sal

- Foreldrar eða nánustu aðstandendur eru látnir vita af fyrirhugaðri minningarstund í tíma.
- Í minningarstundinni er stillt upp dúkuðu borði með kerti úr *Áfallakassa* sem er geymdur inni á skrifstofu leikskólastjóra.
- Leikskólastjóri segir nokkur orð um barnið/starfsmanninn.
- Uppáhalds lag viðkomandi er sungið.
- Hafa í huga ALLTAF
  - Að fólk haldi ró sinni
  - Að gefa börnunum tækifæri til að tjá sig
  - Að svara börnunum eins eðlilega og hægt er
  - Mikilvægt að sýna samkennd og tillitsemi

## 2.7. Áfallakassi

- Áfallakassi er staðsettur á skrifstofu leikskólastjóra.
  - Í honum er:
    - Dúkur, kertastjaki, kerti, upplýsingar um minningarstundir og *Áfallaáætlun Grandaborgar*.



### 3. Fyrstu viðbrögð

#### 3.1. Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegs slyss eða bráðra veikinda á barni í leikskóla

- Hringt í 112.
- Foreldrum tilkynnt um slysið/veikindin.
- Deildarstjóri (eða staðgengill hans) fer með barni í sjúkrabíl.
- Taka með allar persónulegar upplýsingar um barnið.
- Leikskólastjóri (eða staðgengill hans) aflar sér upplýsing um atburðinn og lætur skrifstofustjóra leikskóladeildar SFS (eða staðgengil hans) vita um slysið/veikindin.
- Leikskólastjóri boðar fund með viðbragðsteymi sem skiptir með sér verkum um áframhaldandi vinnu málsins.
- Ef barnið er úrskurðað látið hefur leikskólastjóri (eða staðgengill hans) samráð við prest varðandi næstu skref.
- Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu skrifstofustjóri leikskóladeildar SFS (eða staðgengill hans) sem gefur upplýsingar um málið.

### 3.2. Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegra veikinda barns í leikskóla

- Leikskólastjóri (eða staðgengill hans) aflar sér upplýsinga um veikindin.
- Leikskólastjóri (eða staðgengill hans) hefur samráð við foreldra hvað gera skuli innan leikskólans.
- Viðbragðsteymi heldur fund ásamt deildarstjóra barnsins þar sem upplýst er um veikindin. Á fundinum er metið hverjir eiga að fá upplýsingar um málið og um frekari vinnslu þess.
- Leikskólastjóri (eða staðgengill hans) lætur skrifstofustjóra leikskóladeildar SFS (eða staðgengill hans) vita um slysið/veikindin.
- Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu skrifstofustjóri leikskóladeildar SFS (eða staðgengill hans) sem gefur upplýsingar um málið.

### 3.3. Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegs slyss eða veikinda starfsmanns leikskólans

- Leikskólastjóri (eða staðgengill hans) aflar sér upplýsinga um málið.
- Viðbragðsteymi leikskólans er kallað saman og ákveður, hvernig farið er með málið innan leikskólans.
- Leikskólastjóri (eða staðgengill hans) lætur skrifstofustjóra leikskóladeildar SFS (eða staðgengill hans) vita um slysið/veikindin.
- Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu skrifstofustjóri leikskóladeildar SFS (eða staðgengill hans) sem gefur upplýsingar um málið.

### 3.4. Fyrstu viðbrögð vegna andláts starfsmanns leikskólans

- Leikskólastjóri (eða staðgengill hans) aflar sér upplýsinga um andlátið.
- Leikskólastjóri (eða staðgengill hans) tilkynnir skrifstofustjóra leikskóladeildar SFS (eða staðgengil hans) um andlátið.
- Viðbragðsteymi leikskólans kallað saman sem tekur ákvörðun um frekari vinnslu málsins.
- Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu skrifstofustjóri leikskóladeildar SFS (eða staðgengill hans) sem gefur upplýsingar um málið.

### 3.5. Fyrstu viðbrögð vegna andláts maka eða barns starfsmanns leikskólans

- Leikskólastjóri (eða staðgengill hans) aflar sér upplýsinga um andlátið.
- Viðbragðsteymi leikskólans er kallað saman, sem tekur ákvörðun um frekar vinnslu málsins.

## 4. Símaskrá

**Ef um alvarlegt slys eða dauðsfall er að ræða í leikskólanum, eru eftirfarandi númer hjá þeim aðilum sem geta orðið að liði (þessi skrá er breytileg)**

Neyðarlínan	112
Leikskólastjóri (Helena Jónsdóttir)	8494780
Aðstoðarleikskólastjóri (Ragnheiður Júlíusdóttir)	8489926
Sérkennslustjóri	
Skrifstofustjóri leikskóladeildar SFS (Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir)	6939880
Prestur Neskirkju	5111560
Þjónustumiðstöð VMH (Vesturbær, Miðborg og Hlíðar)	4111600
Deildarstjóri Klettavík (Sigurbjörg Eva Egilsdóttir )	8933511
Deildarstjóri Bergvík (Ölduvík – Skeljavík)	
(Karen G. Elísabetardóttir	8474567
og Sara Dögg Ólafsdóttir )	8239551
Deildarstjóri Fjöruvík (Guðbjörg María Egilsdóttir)	6166278

Skjal uppfært 11. mars 2020

Dagsetning/date

**Til foreldra og forráðamanna barna í leikskólanum Grandaborg**  
**To parents and guardians of children in Grandaborg pre-school.**

***Kæru foreldrar/forráðamenn.***

Sá sorglegi/dapurlegi/alvarlegi atburður gerðist í gær/dag að (nafn/nöfn og atburður)

Deildarstjórar/(nafn) sérfræðingur í sorg og sorgarviðbrögðum hefur rætt við/mun ræða við börnin í samverustund um (atburðinn) á þeim deildum þar sem það á við í dag/á morgun, eins og þroski þeirra leyfir.

Leyfið barninu að ræða atburðinn en það hjálpar því að vinna úr þessari reynslu. Ef þið hafið áhyggjur af líðan barnsins vegna þessara atburða, hafið endileg samband við leikskólastjóra.

Mjög misjafnt er hvernig barn bregst við erfiðum fréttum sem veldur því áhyggjum. Aldur og þroski þess eru þeir þættir sem hafa mestu áhrifin á viðbragð barnsins og því er mikilvægt að því sem gefið tækifæri þegar það finnur hjá sér þörf fyrir að ræða um atburðinn. Sérstaklega er mikilvægt að gefa því tækifæri til að skoða atburðinn í gegnum leik og listsköpun.

***Dear Parents/guardians***

The tragic/sad/serious event happened yesterday/today that (nafn/nöfn og atburður)

Teachers/(nafn) an expert in the grief and mourning process has spoken to/will talk to the children in a special gathering in relevant classrooms about (atburður) as their stage of development permits.

Allow the child to discuss the incident as it helps to process this experience. If you have concerns about your child's well-being because of this event please feel free to contact the pre-school director.

Age and stage development are key factors in how a child responds to a difficult event and how it affects it. Therefore it is important that it is given the chance to discuss the event when it feels compelled to do so. It is especially important to give the child the opportunity to observe the event through play and art-projects.

Með kærri kveðju/With kind regards

---

Helena Jónsdóttir, leikskólastjóri/pre-school director

Hverjir tengjast atburðinum?

